



Fundargerð

**Stjórn VJB - 127. fundur stjórnar VJB haldinn Fjarfundur,
18. febrúar 2019, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Erlingur Freyr Jensson varamaður, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu.

1. Svæðisráð norðursvæðis - 56 - 1901002F

Formaður svæðisráðs fór yfir helstu atriði sem fjalla var um á síðasta fundi svæðisráðs norðursvæðis.

Liður 1 úr fundargerð: Stjórn tekur undir tillögu svæðisráðs Norðursvæðis og samþykkir að gera breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem útvíkki þjónustusvæðið við Dettifoss að vestan að gatnamótun Dettifossveggar (862) og Dettifossveggar vestari (886). Einnig samþykkir stjórn að hefja undirbúning deiliskipulagsvinnu fyrir umrætt svæði. Svæðisráði norðursvæðis er falið að endurskoða texta stjórnunar- og verndaráætlunar m.t.t. þessa í samráði við þjóðgarðsverði og ennfremur kanna forsendur fyrir deiliskipulagsvinnu í fjárhagsáætlun ársins.

Liður 8 úr fundargerð: Stjórn tekur undir afstöðu svæðisráðs Norðursvæðis varðandi mikilvægi þess að vandað verði til skipulagningar við uppbyggingu þjónustu í nágrenni Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn lýsir ánægju með það framtak svæðisráðs að leita formlegs samstarfs með sveitarfélagi og aðilum á svæðinu sem kunna að hyggja á uppbyggingu við skipulag svæðisins.

2. Kæra: Arctic surfers ehf vegna starfsemi á Jökulsárlóni - 1809002

Úrskurður Umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna kæru Arctic Surfers

Framkvæmdastjóri fór yfir úrskurð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna stjórnarsýslukæru fyrirtækisins Arctic surfers vegna umsóknar um atvinnustarfsemi á Jökulsárlóni. Niðurstaða ráðuneytisins er að hin kærða ákvörðun stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs frá 2. júlí 2018 um synjun á gerð samnings við kæranda um atvinnurekstur á Jökulsárlóni, er staðfest og að stjórn hafi ekki brotið gegn réttindum kæranda.

3. FSR - Skaftafell, vettvangsheimsókn - 1902004

Skýrsla um fráveitumál eftir vettvangsferð - til kynningar

Gestir

Helga Árnadóttir - í fjarfundi - 20:00

Þjóðgarðsvörður á suðursvæði sagði frá verkefni Framkvæmdasýslunnar við gerð forúttektar á frárennslismálum í Skaftafelli sem er m.a. tilkomin vegna athugasemda frá heilbrigðiseftirliti Austurlands á seinni hluta síðasta árs. Ljóst er af niðurstöðu forúttektar Framkvæmdasýslunnar að strax á vormánuðum þarf að hefjast handa við brýnar úrbætur á lögnum og rotþróum auk þess sem stór verkefni eru framundan til lengri tíma vegna grunninnviða í Skaftafelli. Stjórn telur mikilvægt að tryggja fjármuni til verkefnisins enda er ekki gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun 2019.

4. Jökulsárlón-Umsókn um heimild til uppbyggingu - 1810005

Minnisblað framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarðar suðursvæðis vegna skipulag við Jökulsárlón.

Gestir

Helga Árnadóttir - í fjarfundi - 20:00

Framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður gerðu grein fyrir fundi með forsvarsmönnum fyrirtækjanna Jökulsárlón ehf og Ice Lagoon ehf sem voru haldnir þann 30. janúar 2019 á Hornafirði, en þessi fyrirtæki stunda siglingar með ferðamenn á Jökulsárlóni. Rætt var um tímabundna lausn varðandi staðsetningu á aðstöðu og húsnæði, og akstursleiðum um svæðið með það að markmiði að tryggja góð samskipti án ágreinings. Stjórn felur framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði að halda áfram vinnu við lausn á þessu máli til bráðabirgða a.m.k. þar til nýtt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins hefur tekið gildi. Fyrir liggur að svæðisráð suðursvæðis hefur áður fjallað um málið.

5. Efla - Salernis- og fráveitumál í VJB - 1902001

Skýrsla frá Eflu ehf. var lögð fyrir stjórn.

Gestir

Helga Árnadóttir - fjarfundur - 10:00

Þjóðgarðsvörður kynnti skýrsluna.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Formaður fer yfir stöðu málsins og hugmyndir að næstu skrefum.

Formaður stjórnar kynnti tillögur að næstu skrefum við að endurskoða Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórn er samþykkt tillögum formanns um skipulag vinnu vegna næstu skrefa við endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

7. Vonarskarð - 1709013

Minnisblað frá ALTA mögulegar fosendur aksturs um Vonarskarð.

Formaður kynnti tillögu að vinnuferli vegna deilna um Vonarskarð. Fyrir liggur minnisblað frá Alta sem formaður stjórnar hefur látið taka saman um Vonarskarð þar sem er fjallað um forsendur fyrir því að leyfa umferð vélknúinna ökutækja um Vonarskarð. Stjórn telur með vísan til lögbundins hlutverks svæðisráða við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sé rétt að svæðisráð Vestursvæðis fjalli með formlegum hætti um málið á grunni fyrirliggjandi minnisblaðs og annarra fyrirliggjandi gagna. Stjórn tekur endanlega ákvörðun í framhaldi af því, enda ber stjórn ábyrgð á Stjórnunar- og verndaráætlun.

8. FOR - Þverá_Bratthland í Skaftárhreppi boðin til kaups - 1902007

Fyrirspurn frá Forsætisráðuneyti vegna kaupa á Þverá/Brattholt í Skaftárhreppi.

Framkvæmdastjóri kynnti bréf frá forsætisráðuneytinu þar sem óskað er áhlits Vatnajökulsþjóðgarðs á því að ríki festi kaup á jörðinni Þverá/Brattholt í Skaftárhreppi. Stjórn óskar eftir umsögn svæðisráðs vestursvæðis vegna þess erindis og veður athygli á að frestur til að svara erindinu rennur út 1. mars nk.

9. FOR - Heiði á Síðu í Skaftafellhreppi boðin til kaups - 1902006

Fyrirspurn frá Forsætisráðuneyti vegna kaupa á Heiði á Síðu í Skaftárhreppi.

Framkvæmdastjóri kynnti bréf frá forsætisráðuneytinu þar sem óskað er áhlits Vatnajökulsþjóðgarðs á því að ríki festi kaup á jörðinni Heiði á Síðu í Skaftárhreppi. Stjórn óskar eftir umsögn svæðisráðs vestursvæðis vegna þess erindis og veður athygli á að frestur til að svara erindinu rennur út 1. mars nk.

10. FOR - Stafafell í Lóni boðin til kaups - 1902005

Fyrirspurn frá Forsætisráðuneyti vegna kaupa á Stafafelli í Lóni.

Framkvæmdastjóri kynnti bréf frá forsætisráðuneytinu þar sem óskað er áhlits Vatnajökulsþjóðgarðs á því að ríki festi kaup á jörðinni Stafafell í Lóni. Stjórn óskar eftir umsögn svæðisráðs suðursvæðis vegna þess erindis og veður athygli á að frestur til að svara erindinu rennur út 1. mars nk.

11. VJP - Ársskýrsla 2017 - 1902002

Ársskýrsla VJP lögð fram til kynningar.

Framkvæmdastjóri kynnti nýútgefna ársskýrslu Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir árið 2017 og upplýsti jafnframt að ársskýrsla vegna ársins 2018 sé þegar komin í vinnslu.

12. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfundum

Framkvæmdastjóri kynnti það helstu verkefni sem unnið hefur verið að hjá Vatnajökulþjóðgarði frá síðasta fundi.

Fundi slitið kl. 15:50.